

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Hvammstangahreppi nr. 414 31. desember 1973.

#### 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0.15% samkvæmt núverandi fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 5 000, sem breytist hlutfallslega jafnt og holræsagjald sem reiknað er eftir fasteignamati.

Tengigjald kr. 12 000 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 5 000 fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 24 000. Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 176 stig og breytast samkvæmt henni.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 214.

29. maí 1978.

## AUGLÝSING

### um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25. 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákv. þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákv. þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamannakaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	2 000	6 000
22. júní 1977 .....	2 512	7 536
1. sept. 1977 .....	2 608	7 825
1. des. 1977 .....	2 985	8 955
1. mars 1978 .....	3 233	9 699

*Samgönguráðuneytið, 29. maí 1978.*

Halldór E. Sigurðsson.

*Kristinn Gunnarsson.*